

3 Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

4 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

5 Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

6 Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði

1. Innheimtugjald leggst á viðskiptavin þegar innheimtuaðgerð er hafin. Komi til lokunar og þar með stöðvunar á orkuafhendingu skal notandi greiða lokunargjald. Lokunargjald kemur til viðbótar innheimtugjaldi.

2. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.

3. Rafveitan leiðbeinir notendum er þess óska um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Önnur notkun

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.

2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 86 frá 24. janúar 1996, með síðari breytingum.

Lönaðarráðuneytinu, 20. desember 1996

F. h. r.

Halldór J. Kristjánsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu markaðsgjalds á árinu 1997.

1. gr.

Markaðsgjald sem lagt er á veltu atvinnufyrirtækja, eins og hún er skilgreind í 11. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga, skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 1997. Er gjalddagi fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1997 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Fyrirframgreiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 8% af álögðu markaðsgjaldi á árinu 1996.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á markaðsgjaldi sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1997 skv. 2. gr., ef sýnt er fram á að markaðsgjald muni lækka um a.m.k. 25% milli ára að teknu tilliti til lægra gjaldhlutfalls.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Um greiðslur markaðsgjalds á árinu 1997 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í bráðabirgðaaákvæði I við lög nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands, sbr. 52. gr. laga nr. 122/1993, öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 1996.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Bragi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1997.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1996 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1997. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1997 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum, sbr. 1. gr., er honum bar að greiða á árinu 1996. Að því er menn varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1996 en tekjuskatt, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. af hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1997 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.